

sama máli og þér, herra stiptamtmaður, um það, að formaðurinn, eptir því sem á stóð, hafi breytt rétt og farið vel að. Um leið og stjórnin þannig ekki getur annað en fallizt á aðferð formannsins í þessu efni, er þess enn fremur að geta, að hún ekki getur betur séð, en að fógetinn hefði gjört réttara í því, að beiðast úrskurðar stiptamtmannsins í þessu efni, en að leita álits fulltrúanna, sem voru riðnir við málið; hefði þá líkast til átt að gjöra um þetta mál á almennum borgarafundi, eins og fyrir er mælt í reglug. 27. nóvember 1846 24. gr.

1859.
13. júlí.

28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kúgildi á kirkjujörðum.

13. júlí.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfum yðar, dagsettum 28. janúar og 5. marz í fyrra, leitað úrskurðar stjórnarinnar um, hvernig koma eigi upp aptur kúgildum á kirkjujarðirnar á Íslandi, þegar þau falla án þess leiguliðunum verði um það kennt, eða hafa verið felld vegna kláðasýki þeirrar, er gengur meðal fjárins á Íslandi, og jafnframt spurt yður fyrir um, hvort ekki mætti lofa þeim styrk úr opinberum sjóði til að koma upp kúgildunum aptur, sem hafa gjört allt, sem í þeirra valdi stóð, til að frelsa skepnur sínar og kúgildin, sem þeim er trúað fyrir.

Í þessu máli hlyti líklega að hafa sömu aðferð og með kúgildin á konungsjörðunum á Íslandi. Dómsmálastjórnin var því beðin upplýsingar um, hvaða aðferð amtmennirnir fyrir norðan og vestan hefðu haft í þessu tilfelli, bæði með kúgildi á konungseignum og kirkjujörðum. Dómsmálastjórnin leitaði því næst álits amtmannanna um málið og sendi það hingað; og fylgir hér nú eptirrit af því. Nefnd stjórnardeild hefur meðal annars tekið það fram, að hún sé á sama máli og amtmaðurinn í Vesturamtinu um það, að enn sé ekki kominn tími til að skera úr þessu flókna máli, þarð menn hvorki hafa eða geta haft nokkurt yfirlit yfir stærð skaðans eða bótanna; og að mál þetta, eptir þeim gögnum, sem fram eru kominn, að eins í Suðuramt-

1859.
13. júlí.

inu geti haft nokkuð að þýða í verkinu. En hún getur að hinu leytinu ekki álitð hentugt að leggja mál þetta fyrir næsta alþing, eins og nefndur embættismaður hafði stungið upp á, og það því síður, sem það liggur í augum uppi, að skoðanir íslenzku embættismannanna um úrslit þessa máls eru ólíkar, og það má sjá fyrir, að sama myndi verða ofaná á þinginu; þessvegna álitur hún réttast að biða eptir, að alþing veki máls á þessu, áður en nokkur ákvörðun verði um það gjörð hér.

Kirkju- og kennslustjórnin er fyrir sitt leyti á sama máli og dómsmálastjórnin í þessu efni, en þess má þó þegar hér geta, að svo framarlega sem spursmál getur verið um, að hjálpa ábúendum kirkjujarðanna með að koma upp kúgildunum aptur, ætti hjálp þessi að líkindum að vera í því innifalin, að leiguliðum, sem hlut eiga að máli, gæfist hæfilegur frestur með að koma upp kúgildunum, og væri leyft að koma þeim upp smátt og smátt, innan viss tíma, sem nákvæmar væri til tekinn.

Loksins er þess að geta, að amtmaður Havstein seinast í álitsskjali sínu hefur borið undir stjórnina, hvort ekki mætti af sjóðum kirknanna, eða þá af tekjum prestakallanna, greiða skaðabætur eptir rætttri tiltölu fyrir fê það, er fellt hafði verið í Húnavatnssýslu. Um þetta hefur embættismanni þessum verið skrifað í dag, og hefur stjórnin synjað samþykkis síns í þessu efni, því það hlýtur að lenda á hlutaðeigandi ábúendum kirkjujarðanna, þegar þeir hafa lofað að taka þátt í skaðabótum þeim, sem hér ræðir um, að greiða sinn hluta, án þess að kirkjujarðirnar missi nokkurs í við það.

14. júlí. **29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, um, að katólskur klerkur, Bernard að nafni, megi byggja hús á Seyðisfirði.**

Þér hafið, herra amtmaður, með bréfi yðar, dagsettu 2. febrúar í fyrra, sent fyrirsögn á latínu frá katólskum klerki, Bernard-Bernard að nafni, er komið hafði til Íslands árið 1857,